

Mál nr. 99/2021

M og
V v/ vatnstjónstryggingarliðs húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsleka í baðherbergi.**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 12.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 9.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveðst hafa látið endurgera og flísaleggja baðherbergi í fasteign sinni á árinu 2017 vegna skemmda að hann taldi vegna lélegs frágangs á klæðningu á veggjum í sturtu sem hafi borið merki um rakaskemmdir. Ári síðar hafi komið í ljós að flísar í sturtuklefa hafi verið að bóligna út og fúga að brotna upp auk rakaskemmda. Taldi M líklegast að frágangur múrara hafi ekki verið fullnægjandi. Hafi hluti baðherbergisins þá verið lagfærður. Einhverju síðar hafi komið í ljós skemmdir á sama stað í sturtunni sem höfðu magnast upp með tímanum. Á þeim tímapunkti hafi M talið afar ólíklegt að frágangi múrara væri um að kenna og því haft samband við V þar sem hann hafði í gildi húseigandatryggingu vegna fasteignarinnar. Múrari á vegum V hafi komið til að taka út skemmdirnar. Talið var að brjóta þyrfti upp vegg til að komast að lögnum til að finna orsök rakans.

Hinn 1. mars 2021 hafi M fengið múrara til að brjóta aftur upp í baðherberginu og þá hafi komið í ljós að leki hafi verið með öllum tengjum („fittings“) í kaldavatnsleiðslum sem hafi verið lítill en alltaf komið aftur þótt þurrkað væri í kring. Pípulagningamaður á vegum V hafi komið og staðfest að líklegast væri um galla að ræða í tengjunum sem hafi skemmt og þanið út vegg þannig að flísar og fúgur hafi brotnað frá sem aftur opni aðgang vatns frá sturtu inn í vegginn.

V hefur krafist þess að fá tjónið bætt út húseigandatryggingu sinni hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum vatnstjónstryggingarliðs húseigandatryggingar þeirrar sem hér er eiga við bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. M þarf að sýna fram á að skilyrði bóta úr vátryggingunni séu fyrir hendi, þar á meðal að tjónið megi rekja til skyndilegs leka. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en leki úr vatnsleiðslum hafi varað um langt skeið, jafnvel allar götur frá árinu 2017. Hefur ekki verið sýnt fram á að um skyndilegan leka úr vatnsleiðslum hússins hafi verið að ræða eins og áskilið er svo bótaskylda úr vátryggingunni geti stofnast. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigandatryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.